

Fundur stjórnar FFA 1. nóvember 2012 kl. 18.30

Mættir voru: Jóna Guðrún, Þóra, Örn, Katrín, Hrefna og Halldóra.

Dagskrá

1. Logi Geirsson í febrúar. Athuga með hvort að hann sætti sig 50.000kr.
2. Jóna Guðrún hitti stjórnendur skólans. Ræddi við þau um Kornid. Það er að fara af stað.
Stjórnendur mjög jákvæðir fyrir foreldrafundi í vor þar sem stefnumál skólans verða rædd.
 - Kajakastyrkur sem áttu að veitast í fyrra verður notaður í eitthvað annað í ár, jafnvel skjávarpastyrkur. 200.000kr.
 - Búið að kaupa bækur sem FFA ætlar að styrkja 20.000.
 - Útikennslusvæðið var opnað í fyrra 1. des og hugmynd um að hafa árlega athöfn þann 1. des.
 - Bréfið frá FFA um verðlaunaafhendingar frá því fyrra.
3. Ég og þú, þú og ég verður haldið í 1.-3. bekk 14. og 21. nóvember.
 - Fuglalærdómur - Þórhallur
 - Minigolf – Örn Ævar
 - Bakstur - ??
 - Leikir - Gummi
 - Krukkumálun - ??
 - Skák – ??
4. Skólaráðsfundur
 - Rædd var útkoma úr samræmdum prófum. Skólinn er að bæta sig mikið.
 - Öryggismál
 - Snagamál rædd.
 - Setju upp plötur vegna hávaðamengunnar.
 - Agakerfi – Ekkert sérstakt agakerfi í gangi.
 - Skólaslit rædd. Hvernig er hægt að breyta þeim?
 - Skóladagatalinu breytt í tveggja annar kerfi.
 - Strætómál í vinnslu og munu breytast um áramót. Stjórn FFA fær að skoða bréfið áður en það verður sent út.
5. Bekkjarfulltrúar
 - Facebooksíður fyrir bekkjarhópana. Ekki sérstök skráning inn á síðurnar.
6. Bekkjarkvöld
 - FFA sendir út leiðbeinandi bréf um hvernig bekkjarkvöld fara fram.
7. Afmæli
 - Leiðbeinandi tilmæli í sambandi við afmælisgjafir, 500kr.
8. Styrkir

- Í sambandi við ferðir þá er einhver upphæð á mann t.d. 1000kr. – 1500kr.
- Peysur komnar og fara til nemenda í næstu viku – Hvernig skiptist ágóðinn? Hugmynd að ágóðinn fari til félagsins en svo fái nemendur greiddan út styrk.

9. Önnur mál

- Örn Ævar kemur inn í stjórn FFA í fjarveru Agnesar.
- JólaBingó - Þarf að ýta á foreldra 6. bekkjar að fara að safna vinningum og huga að undirbúningi.
- FFGÍR fundur – Strætóskýlamál rædd. Stefnusetning skólanna. Öryggismál. Niðurstöður úr könnun um Líðan unglinga. Foreldravaktin á Ljósanótt.

Næsti fundur verður 26. nóvember, styrkjamál í skólanum rædd og hvernig styrkjum er útteilt.

Fundi slitið 19:40